

# RICHARD WAGNER FÉLAGIÐ Á ÍSLANDI

- RICHARD WAGNER VERBAND ISLAND -

VESTURGATA 36B - 101 REYKJAVÍK - SÍMI/FAX: 551 7292

.....  
**Fréttabréf í mars 1998**  
\*\*\*\*\*

## **Lohengrin í Norræna húsinu 14. mars.**

Laugardaginn 14. mars kl. 14.00 verður óperan **LOHENGRIN** sýnd í Norræna húsinu. Til sýningar hefur verið valin myndbandsupptaka frá **Vínaróperunni** árið 1990. Hljómsveitarstjóri er **Claudio Abbado** en leikstjóri **Wolfgang Weber**. Í aðalhlutverkum eru **Placido Domingo**, **Cheryl Studer**, Robert Lloyd, Hartmut Welker, Dunja Vjzovic og Georg Tichy. Enskur skjátexti. Sýningartími óperunnar er 3 klukkutímar. Gerð verða tvö hlé og er kaffistofa Norræna hússins opin með kræsilegum veitingum að vanda.

Á undan sýningunni munu þau **Reynir Axelsson** og **Anna M. Magnúsdóttir** halda stuttan kynningarfyrirlestur um óperuna.

## **Frá aðalfundi félagsins 7. febrúar sl.**

Á aðalfundi félagsins, sem haldinn var í Norræna húsinu 7/2 var stjórn félagsins endurkjörin að undanteknum Barða Árnasyni gjaldkera, sem ekki gaf kost á sér til áframhaldandi stjórnarstarfa og var hann kvaddur með þakklæti og söknuði. Stjórnin er nú þannig skipuð:

Selma Guðmundsdóttir formaður  
Jóhann J. Ólafsson varaformaður  
Jón Höskuldur Ragnarsson gjaldkeri  
Jóhannes Jónasson ritari  
Sólrún Jensdóttir meðstjórnandi

Varastjórn: Árni Björnsson  
Árni Tómas Ragnarsson  
Gretar Ívarsson.

Skýrsla formanns, sem flutt var á fundinum fylgir bréfi þessu. Fjárhagsstaða félagsins er þökkaleg og var ákveðið að félagsgjöld yrðu óbreytt fyrir 1998. Gíróseðlar sendir út fljótlega.

Að lokum minnum við á sýningu **Parsifals** á föstudaginn langa í Safnaðarheimili Dómkirkjunnar, en nánar um það síðar.

\*\*\*\*\*

## **Wagner um víðan völl.**

### **Niflungahringurinn:**

**Bonn:** Nýr Hringur í uppsiglingu með sýningu á Rheingold 12/4, 6/6, 27/6.

**Hamborg:** Rheingold 10/5, 19/5, Walküre 15/5, 21/5, Siegfried 10/4, 13/4 og 27/5, Götterdämmerung 26/4, 29/4 og 31/5.

**London:** Í Royal Albert Hall allur Hringurinn: 28/9, 29/9, 1/10 og 3/10

**San Francisco:** Allur Hringurinn fjórum sinnum. I. 9, 10, 13. og 16/6. II. 15, 19, 22. og 24./6. III. 20, 23, 26, 29/6. IV: 25, 27, 30/6 og 3/7.

**Stokkhólmur:** Rheingold 23/4.

**München:** Bayerische Staatsoper: Walküre 25/7 (Domingo), Götterdämmerung 24/4.

#### **Rienzi:**

**Berlin:** Komische Oper: 4, 12, 30/4, 31/5 og 12/6.

**Vín:** 2, 6, 9/4.

#### **Hollendingurinn fljúgandi:**

**Berlin:** Deutsche Oper: 2. og 5/7, **Budapest:** 17. og 26/6.

**Dortmund:** 14/6. **Gelsenkirchen:** 9/5.

#### **Lohengrin:**

**Berlin:** Staatsoper: 15 og 18/3. Deutsche Oper: 26. og 30/4.

**New York:** 17, 21, 25. og 28/3, 2/4. **Prag:** 21, 27. og 29/3, 1. og 4/4

**Vín:** 26. og 29/4. 2/5.

#### **Tannhäuser:**

**Aachen:** 9. og 12/4. **Prag:** 13, 17, og 20/6. **Savonlinna** 16/7.

**Vín** 22, 26. og 30/6.

#### **Der Meistersinger von Nürnberg.**

**Berlin:** Staatsoper: 5, 12, 19/4, 14, 19, 28/6. Deutsche Oper: 17, 21. 24/5. **München:** 28/5, 31/7. **New York:** (Met) 6, 11, 15, 18/4. **Vín:** 25, 29/3. 3/4.

#### **Tristan und Isolde:**

**Antwerpen:** 1, 4, 7, 10/4. **Kaupmannahöfn:** 15, 19, 23, 26, 29/3, 8/4.

**Duisberg:** 6/6. **München:** 30/6, 4, 8, 12/7. **Seattle:** 1, 4, 7, 10, 13, 16, 19, 22, 25, 28/8.

#### **Parsifal:**

**Berlin:** Deutsche Oper: 10, 13, 19/4, 3/5. **Brüssel:** 10, 14, 16, 19, 22, 25/4 (Guðjón Óskarsson). **Budapest:** 10, 14/4. **Dortmund:** 5/4.

**Düsseldorf:** 10, 19/4, 24/5. **München:** 12/4. **Münster:** 10/4. **Róm** 26/4, Konsertuppfærsla frá Covent Garden með P. Domingo. **London:** Royal Festival Hall: 23, 28/4 1/5. Konsertuppfærsla frá Cov. Garden með P. Domingo. Bernard Haitink stj. **Vín:** 7, 11/4.